

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 13. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar þriðjudaginn 18. október 2022 kl 14,00

Mættir voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Jón Gumundsson í forföllum Margrétar Vigfúsdóttur og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál no 1: Fyrirspurn til bæjarstjórnar um fasteignagjöld næsta árs þe 2023.

Á fundinn komu að ósk Öldungaráðs Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Lilja Ólafardóttir bæjarritari. Sýndu þau samanburð á útreikningum fasteignagjalda eldri borgara miðað við bæjarfélög tiltekna staða á landinu. Miðað við það þá var „kúrfan“ hagstæð eldri borgurum í Snæfellsbæ. Þá voru þau spurð um fleiri atriði ma um ráðhúsin tvö á Hellissandi sem eru í byggingu. Bæjarstjóri og bæjarritari véku svo að fundi og þeim þökkud koman á fundinn.

Mál no 2: Ræða tilögu að breyttu erindisbréfi.

Ólafur formaður fór yfir nokkur atriði í erindisbréfinu og kom með tillögu að því breyttu og var hún samykkt. Tillögunni vísað til bæjarstjórnar. Ólafur sagði frá því að hann hafi rætt við Helga Pétursson formann Landssamband eldri borgara um hlutverk öldungaráða. Það kom fram hjá Helga að ætlunin væri að kalla saman formenn nefndanna á öllu landinu og fara betur yfir hlutverk þeirra.

Mál no 3: Tillaga um heilsueflingu eldri borgara.

Ólafur formaður skýrði frá því að hann hafi rætt við Kristfríði Stefánsdóttur íþróttá og æskulýðsfultrúa SNB hvort hægt væri að fá litla salinn í íþróttahúsinu við Engihlíð til afnota til styrktaræfinga fyrir eldri borgara. Nokkrar umræður urðu um málaflökkinn meðal fundarmanna. Ólafur ætlar að ræða um nánari útfærslu við Kristfríði og verður það kynnt síðar.

Mál no 4: Tillaga frá Ólafi formani um námskeið í tölvulæsi fyrir eldri borgara.

Rætt var um af fá yngra fólk til að auka tölvulæsi eldri borgara og fá þau til að koma á vikulegan hitting í Kifi og fara yfir tölvumál og auka þekkingu á bæði gsm sínum og tölvum.

Mál no 5: Bankamál námskeið frá Landsbankanum. Ólafur formaður skýrði frá því að hann hafi rætt við Þórhöllu Baldursdóttur bankastjóra Landsbanka í Ólafsvík um að fá starfsmann/konu bankans og kynna ýmislegt sem varðar samskipti við peningastofnanir ss heimabanka og fleira. Þórhalla tók vel í þessa beiðni og verður málið kynnt síðar.

Mál no 6: Ræða fundardaga í framtíðinni. Málið rætt síðar er bæjarstjórn hefur tekið fyrir breytingar á erindisbréfinu. Sjá lið 2

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,00

Pétur Steinar Jóhannsson